**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 34/2024** **2024/EES/51/34**

**frá 2. febrúar 2024**

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1862 frá 4. október 2022 um að taka saman skrár yfir lénsheiti, sem tekin hafa verið frá og lokað fyrir, undir höfuðléninu .eu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 ([1]), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L239, 28.9.2023, bls. 40.

2) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5oae (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1878) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5oaf. **32022 R 1862**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1862 frá 4. október 2022 um að taka saman skrár yfir lénsheiti, sem tekin hafa verið frá og lokað fyrir, undir höfuðléninu .eu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 (Stjtíð. ESB L 259, 6.10.2022, bls. 3), sbr. Leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 239, 28.9.2023, bls. 40.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1862, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtíð. ESB L 239, 28.9.2023, bls. 40, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 259, 6.10.2022, bls. 3.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.